



Verkfræðingafélag Íslands

Samþykktir Öldungadeildar VFÍ

1. grein.

Deildin heitir Öldungadeild Verkfræðingafélags Íslands, skammstarfað ÖVFÍ, og starfar innan Verkfræðingafélags Íslands.

2. grein.

Markmið deildarinnar er einkum:

- Að efla og viðhalda kynnum félagsmanna.
- Að styðja starfsemi Verkfræðingafélags Íslands.
- Að standa að fræðslu fyrir félagsmenn.

3. grein.

Félagar Öldungadeildar VFÍ geta orðið allir félagsmenn í Verkfræðingafélagi Íslands (VFÍ) sem náð hafa 65 ára aldri.

4. grein.

Stofnfélagar teljast þeir sem mættu á stofnfund deildarinnar 27. mars 2019 og þeir aðrir sem láta skrá sig í deildina innan mánaðar frá stofnfundi.

5. grein.

Deildin vinnur að markmiðum sínum með því að standa að fræðslu og samkomuhaldi. Má þar til dæmis nefna: - Menningartengt efni.

- Framkvæmdir á döfinni.
- Yfirstandandi framkvæmdir.
- Samfélagsmál.
- Námskeið fyrir félagsmenn og kynnisferðir innanlands sem utan.

6. grein.

Stefnt er að því að halda minnst fjóra fundi eða viðburði á hverju starfsári. Heimilt er að taka með sér gesti og eru fundir deildarinnar opnir öllum félagsmönnum í VFÍ.

7. grein.

Stjórn ÖVFÍ er skipuð fimm mönnum sem kosnir eru á aðalfundi deildarinnar til tveggja ára í senn. Formaður er kosinn sérstaklega og er talsmaður deildarinnar. Endurkjör stjórnarmanna er heimilt einu sinni.

8. grein.

Stjórnin getur skipað einstakar nefndir til að annast tiltekin verkefni.

9. grein.

Deildin skal gefa aðalfundi Verkfræðingafélags Íslands skýrslu árlega. Hvorki deildin né einstakir félagar hennar mega koma fram opinberlega í nafni VFÍ nema að fengnu samþykki stjórnar VFÍ.

10. grein.

Engin árgjöld eru í ÖVFÍ en heimilt er að innheimta greiðslu fyrir einstaka viðburði, enda sé þess getið í fundarboði.

11. grein.

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum deildarinnar. Hann skal halda að vori og eigi síðar en í maí. Aðalfundur skal boða með rafrænum hætti með fjórtán daga fyrirvara. Tillögur sem eiga að fara fyrir aðalfund deildarinnar skulu berast stjórn ÖVFÍ sjö dögum fyrir aðalfund.

12. grein.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Umræða um skýrslu stjórnar.
3. Kosning formanns og stjórnar.
4. Breytingar á samþykktum ÖVFÍ.
5. Önnur mál

Staðfest af stjórn VFÍ (dags. ???).

Samþykkt á stofnfundi Öldungadeildar VFÍ þann 27. mars 2019.